

## Fundargerð ársfundar Festu lífeyrissjóðs 2025

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs, haldinn mánudaginn 5. maí 2025, kl. 18:00, á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins, sem send var út til ársfundarfulltrúa með bréfi dags. 11. febrúar 2025 var eftirfarandi:

1. Fundur settur og kosning starfsmanna fundarins
2. Fundargerð síðasta ársfundar
3. Skýrsla stjórnar
4. Kynning á ársreikningi 2024
5. Kynning á tryggingafræðilegri úttekt
6. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins
7. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins
8. Starfskjarastefna til staðfestingar
9. Kosning stjórnar og varamanna
10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
11. Kosning fjögurra nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna
12. Ákvörðun launa stjórnarmanna
13. Kosning endurskoðanda
14. Kosning formanns endurskoðunarnefndar
15. Önnur mál

Með fundarboðum ársfundar hafði fylgt ársskýrsla Festu lífeyrissjóðs fyrir árið 2024, fundargerð ársfundar 2024, tillögur að starfskjarastefnu lífeyrissjóðsins og tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum lífeyrissjóðsins.

Til fundarins voru mætt úr stjórn sjóðsins: Eyrún Jana Sigurðardóttir stjórnarformaður, Sigurður Ólafsson varaformaður, Halldór Kristinsson, Þór Hreinsson, Silja Eyrún Steingrímsdóttir og Kristín Magnúsdóttir meðstjórnendur ásamt Önnu Á. Halldórsdóttur varamanni. Forföll úr stjórn sjóðsins: Einar Steinþórsson varamaður.

Auk þess voru mættir Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri sjóðsins, Baldur Snorrason forstöðumaður eignastýringar hjá sjóðnum, Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins og Kristinn Bjarnason formaður endurskoðunarnefndar sjóðsins. Jafnframt voru mættir fulltrúar aðildarféлага/samtaka sjóðsins, auk starfsmanna sjóðsins.

### 1. Fundur settur og kosning starfsmanna fundarins

Eyrún Jana Sigurðardóttir, stjórnarformaður Festu lífeyrissjóðs (hér eftir „**Festa**“ eða „**sjóðurinn**“), bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 18:00. Gengið var til kosninga um starfsmenn fundarins og kynnti Eyrún tillögu stjórnar um Viðar Lúðvíksson lögmann sem fundarstjóra. Ekki komu fram aðrar tillögur um fundarstjóra og var Viðar því rétt kjörinn fundarstjóri, sem staðfest var með lófataki. Viðar tók því næst við stjórn fundarins og kynnti tillögu um Gauta Jónasson, lögfræðing Festu, sem fundarritara. Ekki bárust aðrar tillögur og var hann því rétt kjörinn fundarritari, sem staðfest var með lófataki. Fundarstjóri gerði grein fyrir að hann hefði kannað lögmati fundarins, að til fundarins hefði verið boðað í samræmi við samþykktir sjóðsins og því löglega til hans boðað. Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort einhver gerði athugasemdir við hvernig staðið hefði verið að boðun til fundarins, en engar athugasemdir voru gerðar þar að lútandi. Fundarstjóri lýsti því fundinn lögmatan.

Var að því loknu gengið til dagskrár fundarins.

## 2. Fundargerð síðasta ársfundar

Fundargerð ársfundar frá 6. maí 2024 hafði verið send út til aðildarféлага/samtaka fyrir ársfundinn. Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu og athugasemda um fundargerðina. Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundargerðin var borin undir atkvæði fundarins og samþykkt án athugasemda.

## 3. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður Festu lífeyrissjóðs, Eyrún Jana Sigurðardóttir, flutti skýrslu stjórnar. Fram kom að íslenskt efnahagslíf einkenndist af hægari hagvexti á árinu 2024 miðað við fyrri ár. Draga fór úr verðbólgu þegar líða tók á árið. Það jók bjartsýni markaðsaðila sem leiddi til hækkunar bæði hlutabréfa og skuldabréfa. Enn jók á bjartsýni í kjölfar vaxtalækkana Seðlabanka Íslands í október og nóvember, en meginvextir bankans höfðu staðið óbreyttir í 9,25% frá ágúst 2023. Aukin og þrálát verðbólga hefur mjög neikvæð áhrif á skuldbindingar sjóðsins sem eru að fullu verðtryggðar og því var þessi þróun afar hagfelld fyrir sjóðinn.

Fyrirætlanir ríkisstjórnar um slit ÍL-sjóðs og óvissa um uppgjör skuldabréfa útgefin af ÍL sjóði var lengi mikið áhyggjuefni. Það var því fagnaðarefni þegar samninganefndum lífeyrissjóða og ríkis tókst að ná samkomulagi um uppgjör bréfanna sem telst mjög ásættanleg fyrir sjóðinn. Enn á þó Alþingi eftir að staðfesta samkomulagið.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar verulega á milli ára. Staðan var jákvæð um 0,2% í lok árs 2024, en var neikvæð um 4,4% í lok árs 2023. Staðan batnar vegna nýrra sértækra líka um tíðni örorku- og endurhæfingar, en jafnframt vegna góðrar afkomu eigna.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í lok árs 2024 tæplega 320 milljarðar króna og jukust eignir sjóðsins um 39,8 milljarða króna eða um 14,2% m.v. lok árs 2023.

Iðgjöld síðasta árs án framlags til jöfnunar örorkubyrði námu rúmlega 17 milljörðum króna og hækkuðu um 9% frá fyrra ári. Árlegur vöxtur iðgjaldatekna var um og yfir 20% á árunum 2015 - 2018 sökum mikils efnahagslegs uppgangs á starfsvæði sjóðsins. Á árinu 2019 dró nokkuð úr þeim vexti og sökum áhrifa Covid-19 varð lítillægur samdráttur í iðgjaldatekjum árin 2020-2021. Sú þróun snérist við árið 2022 og hafa iðgjaldatekjur sjóðsins farið vaxandi síðan. Til sjóðsins greiddu samtals 20.223 sjóðfélagar hjá 3.128 launagreiðendum. Virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sem greiða til sjóðsins í hverjum mánuði yfir tólf mánaða tímabil, voru 15.903 og fjölgaði þeim um 350 frá fyrra ári.

Samtals fengu 12.764 lífeyrisþegar greiddan lífeyri hjá sjóðnum á sl. ári og fjölgaði þeim um 298 frá fyrra ári, eða um 2,4%. Fjölgunin var mest í hópi ellilífeyrisþega eða 4,0%. Örorkulífeyrisþegum fjölgaði um 1,9%, en maka- og barnalífeyrisþegum fækkaði. Þess ber að geta að margir lífeyrisþegar njóta fleiri en einnar tegundar lífeyris.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar vegna ársins 2024, námu rúmlega 8,2 milljörðum króna og hækkuðu um 12,7% á milli ára. Skýrist það aðallega af fjölgun ellilífeyrisþega, hækkunar á réttindum greiðsluþega í árbyrjun 2023, en einnig vegna þess að lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar. Verðbólga ársins var 4,8%.

Lang stærsti hluti lífeyrisgreiðslna er ellilífeyrir, eða sem nemur 68,4%, en einnig vege örorkulífeyrisgreiðslur þungt eða um 27,8%. Hlutfall örorkulífeyris hefur farið lækkandi frá árinu 2014 þegar það var 34% af heildarlífeyrisgreiðslum. Mikilvægt er að hafa í huga samband hlutfalls lífeyrisbyrðar og hlutfalls örorkulífeyris. Lífeyrisbyrði Festu er lág eða 47,4%. Eftir því sem lífeyrisbyrðin þyngist og fleiri fara á ellilífeyri má gera ráð fyrir því að hlutfall örorkulífeyris lækki.

Afar mikilvægt er að vinna áfram að því og ná árangri í að draga úr nýgengi örorku og aðstoða örorkulífeyrisþega eins og kostur er við að ná aftur virkni til starfa. Athugun tryggingastærðfræðinga á örorku- og endurhæfingartíðni, sem framkvæmd var haustið 2024, bendir til þess að sú vinna sé mögulega að skila árangri.

Lífeyrisbyrði, þ.e. lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum, var 47,4% á árinu 2024 samanborið við 45,7% árið áður. Lífeyrisbyrði sjóðsins lækkaði þó nokkuð á árunum fyrir Covid-19, enda var vöxtur iðgjalda verulega umfram vöxt lífeyrisgreiðslna á því tímabili. Lífeyrisbyrði fylgir hagsveiflu að stórum hluta en með öfugum formerkjum. Þannig lækkar lífeyrisbyrði þegar atvinnustig er hátt en hækkar þegar illa árar í hagkerfinu. Lífeyrisbyrði sjóðsins er lág í samanburði við lífeyrissjóði almennt. Til lengri tíma má búast við að lífeyrisbyrði sjóðsins aukist en hún mun áfram sveiflast í takt við hagsveiflur.

Á árinu 2024 greiddu 3.128 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins. Fimmtán stærstu launagreiðendurnir stóðu fyrir 26,5% af iðgjöldum. Icelandair ehf. var stærsti greiðandi til sjóðsins, með 5,1% allra iðgjalda, en Norðurál kemur næst á eftir með 3,9%. Festa lífeyrissjóður nýtur bæði góðrar landfræðilegrar dreifingar og nær til fjölda ólíkra atvinnugreina þegar litið er til iðgjaldatekna.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar, þ.e. nafnávöxtun að teknu tilliti til kostnaðar, var jákvæð um 10,6% á árinu 2024. Það samsvarar 5,6% í jákvæða hreina raunávöxtun þar sem verðbólga ársins var 4,8%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar í árslok var jákvætt um 2,8% og tíu ára meðaltal var jákvætt um 4,1%.

Festa rekur tvær séreignardeildir, tilgreinda séreignardeild og almenna séreignardeild. Á árinu 2024 greiddu alls 513 sjóðfélagar til almennrar séreignardeildar og 537 sjóðfélagar til tilgreindrar séreignardeildar. Í árslok eiga 6.194 sjóðfélagar réttindi í almennri séreignardeild og 926 sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild. Eignir þessara deilda eru fjárfestar sameiginlega. Hrein eign beggja séreignardeilda nam tæplega 1,9 milljörðum króna í árslok.

Sparnaðarleiðir í hvorri séreignardeild eru tvær, sparnaðarleið 1 og sparnaðarleið 2. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar 1 var jákvæð um 8,8%. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar 2 var jákvæð um 14,4% á árinu 2024.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfar í samræmi við lög um ársreikninga. Hún er undirnefnd stjórnar og er skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi aðila sem jafnframt er löggiltur endurskoðandi. Formlegir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru sjö.

Hlutverk og tilgangur nefndarinnar er að tryggja áreiðanleika og gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga, ásamt því að kanna óhæði endurskoðenda sjóðsins. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu. Nefndin gerir jafnframt tillögu til ársfundar um endurskoðendur sjóðsins.

Áherslur stjórnar á starfsárinu lutu að stefnumótun og uppfærslu megin stefnuskjala og innri reglna sjóðsins, auk gerð eigin áhættumats. Stjórn lét framkvæma mat á sértækum örorku- og endurhæfingarlíkum sjóðfélaga sjóðsins á árinu, sem leiddi til lækkunar á skuldbindingum hans. Jafnframt framkvæmdi stjórnin sjálfsmat á störfum sínum auk þess að sinna frammistöðumati á störfum framkvæmdastjóra.

Stjórn var nú sem fyrr samhent í sínum störfum. Formlegir fundir stjórnar á starfsárinu voru fjórtán en auk þess hafa stjórnarmenn og framkvæmdastjóri samband á milli formlegra funda þegar tilefni er til. Formaður og varaformaður funda ávallt með framkvæmdastjóra einu sinni í mánuði í aðdraganda stjórnarfunda. Tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu, að hausti og að vori í samræmi við samþykktir sjóðsins. Með tilkomu fulltrúaráðsfunda hefur upplýsingaflæði á milli stjórnar og fulltrúa í fulltrúaráði sjóðsins batnað mjög.

Starfsemi Festu hefur gengið vel á því starfsári sem nú er að líða. Afkoma af eignum sjóðsins á árinu 2024 var góð, auk þess sem skuldbindingar vegna örorkulíka batna. Þetta tvennt leiddi til þess að tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar umtalsvert. Sjóðurinn stendur því traustum fótum. Ávallt er vert að hafa í huga að hann er langtímafjárfestir, en 10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins er mjög gott eða 4,1%.

Fyrir hönd stjórnar flutti stjórnarformaður starfsmönnum Festu lífeyrissjóðs, fulltrúum í undirnefndum fulltrúaráðs og stjórnar, fulltrúarráðsmönnum og sjóðfélögum þakkir fyrir

ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári. Jafnframt þakkaði hún fráfarandi stjórnarmönnum fyrir gott samstarf og bauð nýja velkomna til starfa.

Að lokinni skýrslu stjórnar tók fundarstjóri til máls og lagði til að umræður um lið 3 (skýrslu stjórnar) og lið 4 (kynningu á ársreikningi 2024) yrðu teknar sameiginlega eftir kynningu á ársreikningi.

Enginn hreyfði við mótmælum og því var gengið til næsta dagskrárliðar.

#### 4. Kynning á ársreikningi 2024

Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynnti ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024. Helstu niðurstöðutölur voru: Iðgjöld: 17.884 m.kr., lífeyrir: 8.427 m.kr., hreinar fjárfestingatekjur: jákvæðar um 30.777 m.kr., rekstrarkostnaður: 470 m.kr., hækkun á hreinni eign: 39.764 m.kr. og hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris: 319.978 m.kr.

Gylfi fór jafnframt yfir helstu kennitölur samtryggingardeildar og séreignardeildar. Hann fór síðan sérstaklega yfir mikilvægar skýringar í ársreikningi. Þar sem ársreikningurinn telst fylgiskjal með fundargerðinni er frekari tilvitnunum í ársreikninginn sleppt í þessari bókun.

Að kynningu lokinni gat fundarstjóri þess að ársreikningur væri einungis kynntur en ekki borinn undir atkvæði og gaf orðið laust.

Til máls tók Hörður Guðbrandsson, formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur, hann þakkaði fyrir greinargóðar yfirferðir hjá Gylfa og Eyrúnu. Því næst spurði hann stjórn Festu lífeyrissjóðs hvort hún hafi verið sammála um samkomulagið við ríkið vegna uppgjöra HF-bréfa. Eyrún, stjórnarformaður, tók því næst til máls og tilkynnti fundinum að stjórn hafi verið sammála við afgreiðslu uppgjors við ríkið vegna HF-bréfa. Þá tók Hörður aftur til máls og las upp tilvitnun í lagaálit LEX sem hafði verið unnið fyrir lífeyrissjóðina vegna húsnæðislána í Grindavík. Í tilvitnuninni sem Hörður las upp kom fram umfjöllun um að lífeyrissjóðum væri almennt óheimilt að gefa eftir innheimtanlegar kröfur. Því næst taldi Hörður að í öðru hvoru málinu, þ.e. í máli vegna húsnæðislána Grindvíkinga annars vegar og hins vegar uppgjors HF-bréfa, væri verið að segja sjóðfélögum ósatt. Gylfi, framkvæmdastjóri, tók til máls og í máli hans kom fram að það væri mat sjóðsins að ekki væri verið að gefa eftir innheimtanlegar kröfur í tilviki uppgjors HF-bréfanna. Menn gætu þó vissulega deilt um það hvort uppgjorið væri til hagnaðar fyrir sjóðinn eða ekki, þrátt fyrir að núverandi staða væri sú að bókhaldslegur hagnaður vegna uppgjorsins væri töluverður. Um væri að ræða afar flókin vaxtaútreikning til langs tíma sem byggði á mati á fólgnum framtíðarvöxtum. Að lokum hélt Gylfi því fram að það væri ekki verið að gefa neinar innheimtanlegar kröfur eftir í uppgjori HF-bréfanna. Þá tók Hörður aftur til máls og óskaði eftir því að það yrði bókað að hann væri ósammála túlkun Gylfa á samkomulaginu við ríkið vegna HF-bréfanna. Það væri verið að gefa ríkinu afslátt.

Til máls tók Erna Bjarnadóttir frá SA, hún velti því fyrir sér hvort það væri almennt verið að taka til í rekstri lífeyrissjóða um leið og hún hrósaði sjóðnum fyrir lágt hlutfall rekstrarkostnaðar. Gylfi tók því næst til máls og fjallaði um hverjar áskoranirnar væru í rekstri lífeyrissjóða enda væru miklar kröfur lagðar á starfsmenn og starfsmenn lífeyrissjóða.

Að umræðum loknum gaf fundarstjóri orðið aftur laust.

Fleiri kvöddu sér ekki til hljóðs.

#### 5. Kynning á tryggingafræðilegri úttekt

Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins tók til máls og fór yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Benedikt gerði einnig grein fyrir hugtökunum/hlutföllunum áfallin staða og framtíðar staða í tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, auk sögulegrar þróunar þessara hlutfalla. Benedikt fór yfir tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins m.v. 31.12.2024. Úttektin sýndi að heildarstaða sjóðsins var jákvæð um

0,2% en var neikvæð árið á undan um 4,4%. Áfallin staða var neikvæð um 2,1% en var neikvæð árið á undan um 7,3%. Framtíðarskuldbinding var jákvæð um 3,0% en var neikvæð árið á undan um 1,2%. Benedikt fór ítarlega yfir forsendur útreikninga á tryggingafræðilegu mati á stöðu sjóðsins og ítrekaði þá þætti sem skipta máli í því sambandi. Þá fór Benedikt yfir ráðstöfun örorkuframlagsins á árinu 2025 og næstu ár. Í máli hans kom fram að það væru blikur á lofti um að framlagið yrði lækkað á næstu árum. Það hefði þó verið ákveðið á vettvangi stjórn mála að þeir 5 lífeyrissjóðir sem hefðu hæstu örorkubyrðina myndu halda áfram að fá framlagið, Festa væri þar á meðal. Þó lægi ekki fyrir hvernig sú útteiling ætti sér stað. Loks fór Benedikt yfir breytingu á réttindatöflum sjóðsins, sem lágu fyrir í tillögum til breytinga á samþykktum sjóðsins. Í máli hans kom fram að skv. núverandi töflu væri misræmi á milli núvirðingu iðgjalda og þeirra réttinda sem sjóðfélagar vinna sér inn. Með tillögum til breytinga á réttindatöflunni væri ætlunin að leiðrétta það misræmi, þ.e. að sjóðfélagar borgi ekki hærra iðgjald en þau réttindi sem þau afla sér inn. Ný réttindatafla fæli í sér hærri réttindi.

Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

## **6. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins**

Fundarstjóri gaf Baldri Snorrason forstöðumanni eignastýringar sjóðsins orðið og lagði til að liður 6. og 7. yrðu teknir fyrir saman. Engar mótbárur bárust frá fundarmönnum. Því næst hóf Baldur mál sitt, kynnti og fór ítarlega yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2025. Fram kom að með fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðs væri tekin ákvörðun um hvernig eignasamsetning lífeyrissjóðs eigi að vera. Þar er ákveðið hve mikið hlutfall eigi að jafnaði að vera í einstökum eignaflokkum, t.d. erlendum hlutabréfum, skuldabréfum og innlendum hlutabréfum. Hann kom inn á að mismunandi áhætta fælist í mismunandi fjárfestingarkostum og fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs ráði því mestu um fjárhagslega áhættu hans. Jafnframt kom Baldur inn á að fjárfestingum lífeyrissjóðs eru settar takmarkanir í lögum um lífeyrissjóði. Í forsendum fjárfestingarstefnu er horft til tryggingafræðilegrar stöðu, áætlaðs greiðsluflæðis, líftíma (meðaltíma) skuldabréfasafns, áætlaðrar þróunar lífeyrisbyrði, aldursamsetningar sjóðsfélaga og núverandi eignasamsetningar, auk annarra þátta. Fjárfestingarstefna er sett fram árlega en horft er til lengri tíma við gerð hennar og vegna þess gæti tekið langan tíma að ná öllum eignaflokkum í samræmi við stefnuna og því eru stundum frávik. Í máli hans kom fram að frávik undir 1% teljast óveruleg en til að átta sig á umfangi slíkra frávika tók hann sem dæmi að slíkt frávik nemur um 3,2 milljörðum íslenskra króna í tilviki samtryggingardeildar Festu. Baldur fór því næst yfir frávikin og útskýrði ítarlega hvað ástæður lægju að baki þeirra. Fjárfestingarstefna er einn þýðingarmesti þáttur í áhættustefnu og áhættustýringu sjóðsins. Í máli Baldurs kom fram að litlar breytingar hafi verið gerðar á fjárfestingarstefnu 2025. Dregið væri úr vægi ríkisskuldabréfa um 2%, skuldabréfum sveitarfélaga um 1%, skuldabréfum sérhæfðra sjóða um 2% og innlendra hlutabréfa um 3%. Á móti því væri vægi erlendra hlutabréfa aukið um 5%, sérhæfðra fjárfestinga um 2% og sértryggðra skuldabréfa um 1%. Heilt yfir gengi vel hjá sjóðnum að halda sig innan vikmarka fjárfestingarstefnu.

Að kynningu lokinni var dagskrárliður 7 tekinn fyrir í beinu framhaldi og beðið með umræður þar til að lokinni yfirferð yfir hluthafastefnu sjóðsins.

## **7. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins**

Baldur Snorrason forstöðumaður eignastýringar sjóðsins gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og fór ítarlega yfir helstu þætti hennar sem og samskipti sjóðsins við stjórnendur og stjórnir félaga sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Fram kom að Festa lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem leitast m.a. að ná góðri ávöxtun, vera ábyrgur hluthafi ásamt því að stuðla að framþróun starfshátta innan fyrirtækja og á hlutabréfamarkaði. Sjóðurinn gerir kröfu

um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í sýni ábyrgð í störfum sínum, gæti að UFS-þáttum og starfi að jafnaði skv. viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá hvetur sjóðurinn sérstaklega til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum. Í máli Baldurs kom m.a. fram að á liðnu ári, í takt við hluthafastefnuna, hafi Festa hafnað óskýrri starfskjarastefnu, hafnað kaupaukakerfum vegna óskýrra skilmála, kosið gegn framboðum til stjórnar í þeim tilfellum þar sem aðilarnir sitji í framkvæmdastjórn annarra kauphallarfélaga, stutt tillögur annarra hluthafa um hófsemi í launasetningu og greitt atkvæði gegn því að lengja kjörtímabil stjórnarmanna úr einu ári í tvö, ásamt fleiri atriðum. Baldur fór yfir og útskýrði fyrir fundarmönnum hvernig ferlið við val við kosningu á frambjóðendum til stjórnar hlutafélaga færi fram innan Festu. Að lokinni kynningu Baldurs greindi fundarstjóri frá því að ársfundur greiddi ekki atkvæði um hluthafastefnu sjóðsins, heldur væri það stjórn sjóðsins sem samþykkti hana.

Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust um dagskrárliði 6 og 7. Enginn kvaddi sér hljóðs.

## 8. Starfskjarastefna til staðfestingar

Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins og fór ítarlega yfir hana. Fram kom í máli hans að ekki væri lögð fram breyting á starfskjarastefnunni í ár og því væri starfskjarastefna sjóðsins sem samþykkt var á ársfundi 2024 lögð fram til staðfestingar. Gylfi fór yfir innihald og markmið starfskjarastefnunnar.

Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu Festu lífeyrissjóðs. Var starfskjarastefna sjóðsins samþykkt án mótaskvæða.

## 9. Kosning stjórnar og varamanna

Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum tilnefninganefnda sjóðsins. Frá tilnefninganefnd Samtaka atvinnulífsins (SA) var tilkynnt um eftirfarandi tilnefningar:

- Aðalmaður til tveggja ára, eða til 2027: Steinþór Skúlason
- Varamaður til tveggja ára, eða til 2027: Einar Steinþórsson

Þar sem um tilnefningu SA var að ræða voru Steinþór Skúlason og Einar Steinþórsson rétt kjörnir aðalmaður og varamaður í stjórn Festu lífeyrissjóðs.

Frá tilnefningarnefnd stéttarfélaga var tilkynnt um eftirfarandi tilnefningar:

- Aðalmaður til tveggja ára, eða til 2027: Eyrún Jana Sigurðardóttir
- Aðalmaður til tveggja ára, eða til 2027: Silja Eyrún Steingrímsdóttir

Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort aðrar tillögur væru til stjórnar. Ekki bárust aðrar tillögur og voru Eyrún Jana Sigurðardóttir og Silja Eyrún Steingrímsdóttir einróma kjörnar aðalmenn í stjórn Festu lífeyrissjóðs til ársfundar 2027.

## 10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Til máls tók Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri sjóðsins sem gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum stjórnar Festu er lúta að breytingum á samþykktum sjóðsins:

„Tillögur að breytingum á neðangreindum greinum samþykta Festu lífeyrissjóðs eru auðkenndar með **rauðum lit** og það sem fellur út er auðkennt með **yfirstríkun**. Skýringar við greinar sem taka breytingum eru auðkenndar með *skáletrun* í sér málsgreinum.

### Tillaga til breytinga á grein 9.11.

9.11. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjöld samkvæmt 9.1. skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. gr. 11.87. b. Þessari skiptingu iðgjalda skal

hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag.

### **Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 9.11:**

*Í grein 9.11. er vísað til ákvæðis í gr. 11.7. um skiptingu ellilífeyrisréttinda. Á ársfund 2018 var bætt við nýrri gr. 11.6 og hliðruðust því þær greinar sem á eftir koma. Hið rétta er því að ákvæði um skiptingu ellilífeyrisréttinda er í gr. 11.8. og því lagt til að uppfæra tilvísunina.*

### **Tillaga til breytinga á grein 9.12.**

9.12. Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári um sama hundraðshluta eins og nánar er tilgreint hér:

- a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga í samræmi við Töflu ~~24~~ í Viðauka B. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- b. Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega í samræmi við Töflu ~~24~~ í Viðauka B. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal auðkenndur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykktu lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

### **Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 9.12:**

*Grein 9.12. í samþykktum sjóðsins fjallar um ráðstöfun örorkuframlagsins. Á ársfund 2023 var samþykkt nýtt fyrirkomulag um nýtingu örorkuframlagsins og samþykkt að lækka hlutfallslega viðbót lífeyrisþega til framtíðar þar sem stór hluti lífeyrisþega hafði unnið sér tvöfalda hækkun á sinn lífeyri, bæði vegna iðgjalda og lífeyris um langt skeið. Breytingin var gerð í skrefum til þess að lífeyrisþegar sjóðsins yrðu fyrir sem minnstum áhrifum lækkunarinnar. Framlagið yrði því nýtt til framtíðar skv. töflu í Viðauka B, með þeim fyrirvara að staða framlagsins skyldi ávallt vera í jafnvægi.*

*Í greininni kemur m.a. fram að tryggingastærðfræðingur sjóðsins skuli árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. greininni miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni.*

*Lagt er til að breyta greininni þar sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins, með vísan til framangreinds, hefur lagt til breytingar á nýtingu framlagsins og því þörf á nýrri töflu, sbr. breytingatillögu á Viðauka B. Aðeins er um að ræða breytingu á tilvísun í greininni enda nauðsynlegt að vísa til rétrar töflu í Viðauka B.*

## Tillaga til breytinga á grein 12.6.

- 12.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 12.5., skal um þann framreikning fara sem hér segir:
- reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, **s.s. vegna sjúkdómsforfalla, náms, barneigna eða atvinnuleysis**, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 160.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 160.000 að viðbættum helmingi þess iðgjalds sem umfram er.
  - .....
  - .....

## Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 12.6:

*Réttindanefnd á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða hefur unnið að því að samræma ákvæði í samþykktum lífeyrissjóða varðandi úrskurð örorkulífeyris. Það er mikilvægt að samræma einstaka ákvæði þar sem sjóðfélagar eiga oft réttindi í mörgum lífeyrissjóðum og skv. samskiptasamkomulagi lífeyrissjóða taka þeir þátt í framreikningi réttinda við úrskurð örorkulífeyris skv. fyrir fram ákveðnum reglum. Ofangreindri viðbót er ætlað að færa orðalag til samræmis við samþykktir flestra annarra sjóða.*

## Tillaga til breytinga á grein 12.12.

- 12.12. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 12.1. er ekki lengur fullnægt. Áunnin réttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum vegna:
- mánaðarlegs framreikningsiðgjalds (reiknað í samræmi við gr. 12.6) af greiddum örorkulífeyri.** ~~framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarksörorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.~~
  - aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka örorkulífeyris hófst.
  - réttinda sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Til frádráttar ellilífeyri sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma sá ellilífeyrir, sem hann hefur afsalað sér samkvæmt grein 11.87. (skipting ellilífeyrisréttinda).

## Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 12.12:

*Örorkulífeyrisgreiðslur með framreikning mynda rétt til ellilífeyris á sama tíma og framreikningur lækkar með tímanum. Iðgjaldið sem myndar grunn framreiknings á grundvelli*

gr. 12.6., framreikningsiðgjaldið, myndar áunninn lífeyrisréttindi í samræmi við réttindatöflu þegar mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur eiga sér stað.

Stefnt er að uppfærslu á réttindakerfi sjóðsins í þeim tilgangi að endurspegla hvernig réttindi vegna framreiknaðs örorkulífeyris myndar áunnin réttindi lífeyris. Með breytingunni er ætlað að styðja við slíka uppfærslu og útskýra framkvæmdina með nánari hætti en nú er gert.

Loks er í grein 12.12. er vísað til ákvæðis í gr. 11.7. um skiptingu ellilífeyrisréttinda. Á ársfundi 2018 var bætt við nýrri gr. 11.6 og hliðruðust því þær greinar sem á eftir koma. Hið rétta er því að ákvæði um skiptingu ellilífeyrisréttinda er í gr. 11.8. og því lagt til að uppfæra tilvísunina.

### **Tillaga til breytinga á grein 13.6.**

13.6. Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 11.87. (um skiptingu ellilífeyrisréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:

- a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarksmakalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
- b. aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
- c. hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

### **Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 13.6:**

Í grein 13.6. er vísað til ákvæðis í gr. 11.7. um skiptingu ellilífeyrisréttinda. Á ársfundi 2018 var bætt við nýrri gr. 11.6 og hliðruðust því þær greinar sem á eftir koma. Hið rétta er því að ákvæði um skiptingu ellilífeyrisréttinda er í gr. 11.8. og því lagt til að uppfæra tilvísunina.

### **Tillaga til breytinga á grein 14.1.2.**

14.1.2. Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum og hefur greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir orkutapið eða 6 mánuði af undanfarandi 12, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

### **Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 14.1.2:**

Réttur til barnalífeyris byggist á 17. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þar kemur fram að andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátíð eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr. skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Þá kemur einnig fram að sama rétt til lífeyris öðlist börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris.

*Í núverandi mynd myndast réttur til barnalífeyris vegna örorku óháð því hvenær greitt var síðast til sjóðsins en samkvæmt fyrirnefndri 17. gr. laga nr. 129/1997 er gert ráð fyrir að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld í ákveðinn fjölda mánaða á undanfarandi mánuðum. Lagt er til að mánaðarfjöldinn verði sá sami og varðandi barnalífeyri vegna andláts sjóðfélaga.*

*Um leið og tillagan þrengir skilyrði til barnalífeyris vegna örorku sjóðfélaga er henni ætlað að samræma almennt skilyrði samþykktanna vegna barnalífeyris auk þess að falla betur við lög.*

#### **Tillaga til breytinga á grein 14.4.**

14.4. Barnalífeyrir greiðist **til barnsins vegna andláts sjóðfélaga en til framfæranda barns vegna örorku sjóðfélaga. Barnalífeyrir greiðist til 18 ára aldurs barnsins.**

#### **Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 14.4:**

*Breytingunni er ætlað að skýra með nánari hætti framkvæmd við greiðslu barnalífeyris úr sjóðnum. Í núverandi samþykktum kemur fram að barnalífeyrir sé greiddur til framfæranda barns til 18 ára aldurs en í raun er greitt til framfæranda í tilviki örorku sjóðfélaga en beint til barnsins sjálfs í tilfalli andláts.*

# Tillaga til breytinga á Viðauka A – Töflu I

TAFLA I: Réttindatöflur til framtíðar miðað við tryggingafræðilegar forsendur í lok árs 2021																			
Árleg lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald																			
Aldur / Ár	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035	2036	2037	2038	2039	2040	
16	2,656	2,653	2,650	2,647	2,644	2,641	2,638	2,635	2,632	2,629	2,627	2,624	2,621	2,619	2,616	2,613	2,610	2,607	
17	2,512	2,509	2,506	2,504	2,501	2,498	2,495	2,492	2,490	2,487	2,484	2,481	2,479	2,476	2,473	2,470	2,468	2,465	
18	2,381	2,378	2,376	2,373	2,371	2,368	2,365	2,362	2,360	2,357	2,355	2,352	2,350	2,348	2,345	2,343	2,340	2,337	
19	2,257	2,254	2,252	2,249	2,247	2,244	2,242	2,239	2,237	2,234	2,232	2,230	2,227	2,225	2,223	2,220	2,218	2,216	
20	2,140	2,138	2,135	2,133	2,131	2,128	2,126	2,124	2,122	2,119	2,117	2,115	2,113	2,111	2,109	2,106	2,104	2,102	
21	2,038	2,036	2,034	2,032	2,030	2,027	2,025	2,023	2,021	2,019	2,017	2,015	2,013	2,010	2,008	2,006	2,004	2,002	
22	1,947	1,945	1,943	1,941	1,939	1,937	1,935	1,933	1,931	1,929	1,927	1,925	1,923	1,921	1,919	1,917	1,915	1,913	
23	1,864	1,862	1,860	1,858	1,856	1,854	1,853	1,851	1,849	1,847	1,846	1,844	1,842	1,840	1,838	1,836	1,834	1,833	
24	1,788	1,786	1,784	1,783	1,781	1,779	1,777	1,776	1,774	1,772	1,770	1,769	1,767	1,765	1,763	1,762	1,760	1,758	
25	1,718	1,716	1,715	1,713	1,712	1,710	1,709	1,707	1,705	1,704	1,702	1,700	1,699	1,697	1,695	1,694	1,692	1,690	
26	1,653	1,651	1,650	1,648	1,647	1,645	1,644	1,642	1,640	1,639	1,637	1,636	1,634	1,633	1,631	1,630	1,628	1,627	
27	1,593	1,592	1,590	1,589	1,587	1,586	1,585	1,583	1,582	1,581	1,579	1,578	1,576	1,575	1,574	1,572	1,571	1,569	
28	1,537	1,536	1,535	1,533	1,532	1,531	1,529	1,528	1,527	1,525	1,524	1,523	1,521	1,520	1,518	1,517	1,515	1,514	
29	1,484	1,483	1,482	1,480	1,479	1,478	1,477	1,476	1,474	1,473	1,472	1,471	1,469	1,468	1,466	1,465	1,464	1,462	
30	1,435	1,434	1,433	1,432	1,431	1,430	1,429	1,427	1,426	1,425	1,424	1,422	1,421	1,420	1,418	1,417	1,416	1,415	
31	1,389	1,388	1,387	1,386	1,385	1,384	1,383	1,381	1,380	1,379	1,378	1,377	1,375	1,374	1,373	1,372	1,371	1,369	
32	1,346	1,345	1,344	1,343	1,342	1,341	1,340	1,338	1,337	1,336	1,335	1,334	1,332	1,331	1,330	1,329	1,328	1,326	
33	1,306	1,305	1,304	1,304	1,303	1,302	1,300	1,299	1,298	1,297	1,296	1,295	1,294	1,293	1,292	1,291	1,289	1,288	
34	1,268	1,267	1,266	1,266	1,265	1,264	1,263	1,262	1,261	1,260	1,259	1,257	1,256	1,255	1,254	1,253	1,251	1,250	
35	1,232	1,231	1,230	1,230	1,229	1,228	1,227	1,226	1,225	1,224	1,223	1,221	1,220	1,219	1,218	1,217	1,216	1,215	
36	1,199	1,198	1,197	1,197	1,196	1,195	1,194	1,193	1,193	1,192	1,191	1,189	1,188	1,187	1,186	1,185	1,184	1,183	
37	1,167	1,166	1,165	1,165	1,164	1,163	1,162	1,161	1,160	1,159	1,158	1,157	1,156	1,155	1,154	1,153	1,152	1,151	
38	1,138	1,137	1,136	1,136	1,135	1,134	1,133	1,132	1,132	1,131	1,130	1,129	1,128	1,127	1,126	1,125	1,124	1,123	
39	1,110	1,109	1,109	1,108	1,108	1,107	1,106	1,105	1,104	1,103	1,102	1,101	1,100	1,098	1,097	1,096	1,095	1,094	
40	1,084	1,083	1,082	1,082	1,081	1,080	1,079	1,078	1,078	1,077	1,076	1,075	1,074	1,073	1,072	1,071	1,070	1,069	
41	1,060	1,059	1,058	1,058	1,057	1,056	1,055	1,054	1,054	1,053	1,052	1,051	1,050	1,049	1,048	1,047	1,046	1,045	
42	1,037	1,036	1,035	1,035	1,034	1,033	1,032	1,031	1,030	1,029	1,028	1,027	1,026	1,025	1,025	1,023	1,022	1,021	
43	1,015	1,014	1,013	1,012	1,011	1,010	1,009	1,008	1,008	1,007	1,006	1,005	1,004	1,003	1,002	1,001	1,000	999	
44	995	994	993	992	991	990	989	988	988	987	986	985	984	983	982	981	980	979	
45	976	975	974	973	972	971	970	969	968	967	966	965	964	963	962	961	960	959	
46	958	957	956	954	953	952	951	951	950	949	948	947	946	945	944	943	942	941	
47	941	940	939	938	937	936	935	934	933	932	931	930	929	928	927	926	925	923	
48	924	923	922	920	919	918	917	916	915	914	913	912	911	910	909	908	907	906	
49	909	908	907	905	904	903	902	900	899	898	897	896	895	894	893	892	891	890	
50	894	893	892	890	889	888	887	885	884	883	882	881	880	879	878	877	876	875	
51	881	880	878	877	875	874	873	871	870	869	868	867	865	864	863	862	861	860	
52	867	865	864	862	860	859	858	857	855	854	853	852	850	849	848	847	846	845	
53	854	852	851	849	847	846	845	844	842	841	840	839	837	836	835	834	833	831	
54	841	839	837	835	834	832	831	829	828	826	825	824	823	821	820	819	818	817	
55	829	827	825	823	822	820	819	817	816	814	813	812	810	809	807	806	805	804	
56	817	815	813	811	809	807	806	804	802	801	799	798	796	795	793	792	791	790	
57	805	803	801	799	797	795	794	792	790	789	787	785	784	782	781	779	778	777	
58	793	791	789	786	784	782	780	779	777	775	774	772	771	769	768	767	765	764	
59	781	779	777	774	772	770	768	767	765	763	762	760	759	757	756	755	753	752	
60	770	768	766	763	761	759	757	755	753	751	749	748	746	745	743	742	740	739	
61	758	756	753	751	748	746	744	742	740	738	737	735	734	732	730	729	728	726	
62	745	743	741	738	736	734	732	730	728	726	724	723	721	719	717	716	714	713	
63	732	730	727	725	722	720	718	716	714	713	711	709	707	705	704	702	701	699	
64	720	718	715	713	710	708	706	704	703	701	699	697	695	693	692	690	689	687	
65	706	704	702	699	697	695	693	691	689	687	686	684	682	680	678	677	675	674	
66	692	690	688	685	683	681	679	677	675	673	672	670	668	666	664	663	661	660	
67	668	666	664	662	660	658	656	654	652	650	649	647	645	644	642	641	639	638	
68	645	643	641	639	638	636	634	632	631	629	627	626	624	623	621	620	619	617	
69	622	620	619	617	615	614	612	611	609	608	606	605	603	602	601	599	598	597	
Jöfn-innvinnsla	1,064	1,063	1,061	1,060	1,058	1,057	1,056	1,055	1,053	1,052	1,051	1,049	1,048	1,047	1,046	1,044	1,043	1,042	

TAFLA I: Réttindatöflur til framtíðar miðað við tryggingafræðilegar forsendur í lok árs 2021 (framhald)																		
Árleg lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald																		
Aldur / Ár	2041	2042	2043	2044	2045	2046	2047	2048	2049	2050	2051	2052	2053	2054	2055	2056	2057	2058
16	2,605	2,602	2,599	2,597	2,594	2,592	2,589	2,587	2,584	2,582	2,580	2,577	2,575	2,572	2,570	2,567	2,565	2,562
17	2,463	2,460	2,458	2,455	2,453	2,451	2,448	2,446	2,443	2,441	2,439	2,436	2,434	2,432	2,430	2,427	2,425	2,423
18	2,335	2,332	2,330	2,328	2,326	2,324	2,322	2,319	2,317	2,314	2,312	2,310	2,308	2,305	2,303	2,301	2,299	2,297
19	2,213	2,211	2,209	2,207	2,205	2,203	2,201	2,198	2,196	2,194	2,192	2,190	2,188	2,186	2,184	2,181	2,179	2,177
20	2,100	2,098	2,096	2,094	2,092	2,090	2,087	2,085	2,083	2,081	2,079	2,077	2,075	2,073	2,071	2,069	2,067	2,065
21	2,001	1,999	1,997	1,995	1,993	1,991	1,989	1,987	1,985	1,983	1,981	1,979	1,978	1,976	1,974	1,972	1,971	1,969
22	1,911	1,909	1,907	1,906	1,904	1,902	1,901	1,899	1,897	1,895	1,894	1,892	1,890	1,888	1,887	1,885	1,883	1,881
23	1,831	1,829	1,827	1,826	1,824	1,822	1,820	1,819	1,817	1,815	1,813	1,812	1,810	1,808	1,807	1,805	1,804	1,802
24	1,756	1,755	1,753	1,752	1,750	1,748	1,747	1,745	1,744	1,742	1,741	1,739	1,737	1,736	1,734	1,733	1,731	1,730
25	1,689	1,687	1,686	1,684	1,683	1,681	1,679	1,678	1,676	1,675	1,673	1,672	1,670	1,669	1,667	1,666	1,665	1,663
26	1,625	1,624	1,623	1,621	1,619	1,618	1,616	1,615	1,614	1,612	1,611	1,609	1,608	1,607	1,605	1,604	1,603	1,601
27	1,567	1,566	1,564	1,563	1,562	1,560	1,559	1,558	1,556	1,555	1,553	1,552	1,551	1,549	1,548	1,546	1,545	1,544
28	1,512	1,511	1,509	1,508	1,507	1,506	1,505	1,503	1,502	1,500	1,499	1,498	1,496	1,495	1,494	1,492	1,491	1,490
29	1,461	1,459	1,458	1,457	1,456	1,455	1,453	1,452	1,451	1,449	1,448	1,447	1,445	1,444	1,443	1,442	1,441	1,439
30	1,413	1,412	1,411	1,409	1,408	1,407	1,405	1,404	1,403	1,402	1,400	1,399	1,398	1,397	1,396	1,394	1,393	1,392
31	1,368	1,367	1,366	1,365	1,364	1,362	1,361	1,360	1,359	1,358	1,356	1,355	1,354	1,353	1,352	1,350	1,349	1,348
32	1,325	1,324	1,323	1,322	1,320	1,319	1,318	1,317	1,316	1,315	1,313	1,312	1,311	1,310	1,309	1,308	1,307	1,306
33	1,287	1,286	1,285	1,283	1,282	1,281	1,280	1,279	1,277	1,276	1,275	1,274	1,273	1,272	1,271	1,270	1,269	1,268
34	1,249	1,248	1,247	1,246	1,245	1,244	1,243	1,242	1,240	1,239	1,238	1,237	1,236	1,235	1,234	1,233	1,232	1,231
35	1,214	1,213	1,212	1,210	1,209	1,208	1,207	1,206	1,205	1,204	1,203	1,202	1,201	1,199	1,198	1,197	1,196	1,195
36	1,182	1,181	1,180	1,178	1,177	1,176	1,175	1,174	1,173	1,172	1,171	1,170	1,169	1,168	1,167	1,166	1,165	1,164
37	1,150	1,149	1,148	1,146	1,145	1,144	1,143	1,142	1,141	1,140	1,139	1,138	1,137	1,136	1,135	1,134	1,133	1,132
38	1,122	1,121	1,119	1,118	1,117	1,116	1,115	1,114	1,113	1,112	1,111	1,110	1,109	1,108	1,107	1,106	1,105	1,104
39	1,093	1,092	1,091	1,090	1,089	1,088	1,087	1,086	1,085	1,084	1,083	1,082	1,081	1,080	1,079	1,078	1,076	1,076
40	1,068	1,067	1,066	1,065	1,064	1,063	1,062	1,060	1,059	1,058	1,057	1,055	1,054	1,053	1,052	1,051	1,050	1,050
41	1,044	1,043	1,042	1,041	1,040	1,038	1,037	1,036	1,035	1,034	1,033	1,032	1,031	1,030	1,029	1,028	1,027	1,026
42	1,020	1,019	1,017	1,016	1,015	1,014	1,013	1,012	1,011	1,010	1,009	1,008	1,007	1,006	1,005	1,004	1,003	1,002
43	998	997	996	995	994	993	992	991	990	989	987	986	985	984	983	982	981	980
44	978	977	976	975	974	973	971	970	969	968	967	966	965	964	963	962	961	960
45	958	957	955	954	953	952	951	950	949	948	947	946	945	944	943	942	941	940
46	940	939	938	937	936	935	934	933	931	930	929	928	927	926	925	924	923	922
47	922	921	920	919	918	917	916	915	914	913	912	911	910	909	908	907	906	905
48	905	904	903	902	900	899	898	897	896	895	894	893	892	891	890	889	888	887
49	889	888	886	885	884	883	882	881	880	879	878	877	876	875	874	873	872	871
50	874	873	871	870	869	868	867	866	865	864	862	861	860	859	858	857	856	855
51	859	858	857	856	855	853	852	851	850	849	848	847	846	845	844	843	842	841
52	844	843	842	840	839	838	837	836	835	834	833	831	830	829	828	827	826	825
53	830	829	828	827	826	825	824	823	822	821	820	819	817	816	815	814	812	811
54	816	815	814	813	811	810	809	808	807	806	805	804	803	802	801	800	799	798
55	803	802	801	800	798	797	796	795	794	793	792	791	790	788	787	786	785	784
56	789	787	786	785	784	783	782	781	780	779	777	776	775	774	773	772	771	770
57	776	774	773	772	771	770	768	767	766	765	764	763	762	761	760	759	758	757
58	763	762	761	759	758	757	756	754	753	752	751	750	749	748	747	746	745	743
59	750	749	748	746	745	744	743	742	740	739	738	737	736	735	734	733	732	731
60	737	736	735	734	732	731	730	729	728	726	725	724	723	722	721	720	719	718
61	725	723	722	721	720	718	717	716	715	714	712	711	710	709	708	707	706	705
62	712	710	709	708	707	705	704	703	702	701	699	698	697	696	695	693	692	691
63	698	697	695	694	692	691	690	688	687	686	685	684	683	682	681	680	679	678
64	686	685	683	682	680	679	678	676	675	674	673	672	671	670	669	668	667	666
65	672	671	669	668	666	665	664	663	662	661	660	659	657	656	655	654	653	652
66	658	657	655	654	653	652	651	649	648	647	646	645	643	642	641	640	639	638
67	636	635	634	633	631	630	629	628	627	625	624	623	622	621	620	619	618	617
68	616	615	613	612	611	610	609	608	607	606	605	604	603	602	601	600	599	598
69	596	594	593	592	591	590	589	588	587	586	585	584	583	583	582	581	580	579
Jöfn. innvinnsla	1,041	1,040	1,039	1,037	1,036	1,035	1,034	1,033	1,032	1,030	1,029	1,028	1,027	1,026	1,025	1,024	1,023	1,022

TAFLA I: Réttindatöflur til framtíðar miðað við tryggingafræðilegar forsendur í lok árs 2021 (framhald)															
Árleg lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald															
Aldur / Ár	2059	2060	2061	2062	2063	2064	2065	2066	2067	2068	2069	2070	2071	2072	2073
16	2,560	2,557	2,555	2,553	2,550	2,548	2,545	2,543	2,540	2,538	2,536	2,533	2,531	2,528	2,526
17	2,421	2,419	2,417	2,414	2,412	2,410	2,408	2,406	2,404	2,401	2,399	2,397	2,395	2,393	2,391
18	2,295	2,292	2,290	2,288	2,286	2,284	2,282	2,279	2,277	2,275	2,273	2,271	2,269	2,267	2,265
19	2,175	2,173	2,172	2,170	2,168	2,166	2,164	2,162	2,160	2,158	2,156	2,154	2,152	2,150	2,148
20	2,064	2,062	2,060	2,059	2,057	2,055	2,053	2,052	2,050	2,048	2,046	2,045	2,043	2,041	2,040
21	1,967	1,965	1,964	1,962	1,960	1,958	1,957	1,955	1,953	1,952	1,950	1,948	1,946	1,945	1,943
